



Önnur Kæra og fylgiskjö minnihluta vegna nýrra upplýsinga er bárus bæjarstjórnarfundi 22. ágúst - Kæra - Hafnarfjarðarkaupstaður 240818

Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: SRN18080045
Málalyklar: 4.12.0
Eigandi skjals: Brynjólfur Hjartarson
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 27.08.2018
Dagsetning skjals: 24.08.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Adda María Jóhannsdóttir"
<addamaria@hafnarfjordur.is>

Notandi: "Adda María Jóhannsdóttir" <addamaria@hafnarfjordur.is>
Dagsetning: 24.8.2018 18:48:21
Til: "Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið" <srn@srn.is>, "Hermann Sæmundsson" <hermann.saemundsson@srn.is>
Afrit til: "Friðþjófur Helgi Karlsson" <fridthjofurk@hafnarfjordur.is>, "Guðlaug Kristjánsdóttir" <gudlaugk@hafnarfjordur.is>, "Jón Ingi Hákonarson" <jonh@hafnarfjordur.is>
Efni: Önnur Kæra og fylgiskjö minnihluta vegna nýrra upplýsinga er bárus bæjarstjórnarfundi 22. ágúst - Kæra - Hafnarfjarðarkaupstaður 240818

Ágætu viðtakendur,

Meðfylgjandi er kæra og fylgiskjöl með henni frá kjörnum fulltrúum sem sitja í minnihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Kærendur hafa nýlega sent inn aðra kæru. Þessi kæra bætist við það sem þar var kært, þar þar sem nýjar upplýsingar bárust á bæjarstjórnarfundi þann 22. ágúst sl.

Með kveðju,





Adda María Jóhannsdóttir

Adda María Jóhannsdóttir

Bæjarfulltrúi / Town councillor

Hafnarfjarðarbær

Tel. + 354-694-3134

FYRIRVARI / DISCLAIMER  - Kæra - Hafnarfjarðarkaupstaður 240818.pdf  -
Fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 220818.pdf  - Viðauki iii 16.08.2018.pdf
 - Tölvupóstsamskipti við umhverfis- og framkvæmdasvið.pdf

Kæra til samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis

Kærendur

Adda María Jóhannsdóttir, kt. 070367-5569
Skógarhlíð 7, 221 Hafnarfjörður
Netfang: addamaria@hafnarfjordur.is
s. 694-3134

Friðþjófur Helgi Karlsson, kt. 220372-3169
Norðurbakka 5a, 220 Hafnarfjörður
Netfang: fridthjofurk@hafnarfjordur.is
s. 863-6810

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, kt. 260772-5039
Kirkjuvegi 4, 220 Hafnarfjörður
Netfang: guðlaugk@hafnarfjordur.is
s. 899-2873

Jón Ingi Hákonarson, kt. 240171-3179
Nönnustíg 5, 220 Hafnarfjörður
Netfang: jonh@hafnarfjordur.is
s. 690-9171

Upplýsingar um kæruefni.

Nafn þess sveitarfélags, stofnunar, nefndar eða ráðs sem kæra beinist að.

Hafnarfjarðarkaupstaður, bæjarstjórn og bæjarstjóri. Kærendur eru kjörnir fulltrúar þriggja flokka sem sitja í minnihluta bæjarstjórnar, Samfylkingar, Viðreisnar og Bæjarlistans.

Hvaða ákvörðun er kærð (í stuttu máli)?

Kæran varðar ákvörðun bæjarstjóra um greiðslu 100.000.000 kr. úr bæjarsjóði til Fimleikafélags Hafnarfjarðar eða annars aðila án þess að fyrir því lægi samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun, skv. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þá er kærð eftirfarandi ákvörðun bæjarstjórnar um viðauka við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar sem greinir að neðan.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 22. ágúst 2018 var eftirfarandi á dagskrá:

1704040 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021

Þar var lagður fram til staðfestingar viðauki sem m.a. var til að bregðast við breyttum áformum meirihluta bæjarstjórnar vegna byggingar knatthúss í Kaplakrika. Sú ákvörðun og málsmeðferð öll hefur þegar verið kærð til ráðuneytisins, sbr. kæra dags. 22. ágúst sl.

Vísað er í fylgiskjöl með þessari kæru, annars vegar umræddan viðauka og hins vegar fundargerð bæjarstjórnarfundarins.

Hvers er krafist?

Gerð gein fyrir kröfu kærenda

Kærendur krefjast þess að ákvörðun bæjarstjóra og/eða bæjarstjórnar um greiðslu 100.000.000 kr. til FH (eða annars aðila á grundvelli rammasamkomulags) verði ógilt. Þá er þess krafist að eftirfarandi ákvörðun um samþykkt viðauka verði ógilt.

Rökstuðningur kæru

Upplýsingar um það hvers vegna kærendur telja að fallast eigi á kröfur þeirra, helstu málsástæður og rök.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 22. ágúst sl. var lagður fram til staðfestingar viðauki sem varðaði m.a. tilfærslu á fjármunum vegna breyttra áforma meirihluta bæjarstjórnar um byggingu knatthúss í Kaplakrika. Eins og fyrr hefur verið nefnt hefur sú ákvörðun og málsmeðferð verið send ráðuneytinu til umfjöllunar. Í stuttu máli fól fyrri ákvörðun í sér breytingu á stefnu sveitarfélagsins þannig að í stað þess að 720 mkr. yrði varið í byggingu knatthúss var ákveðið að kaupa eignir af Fimleikafélagi Hafnarfjarðar í samræmi við rammasamkomulag þess efnis, fyrir 790 mkr.

Við umræður á fundinum kom fram í máli bæjarstjóra að þegar hafi verið greiddar 100 milljónir til Fimleikafélagsins vegna framkvæmdanna án þess að fyrir því lægi samþykktur viðauki.

Kærendur telja að með framgöngu sinni hafi bæjarstjóri gerst brotlegur í starfi á grundvelli 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um fjárstjórnarvald, 63. gr. um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, einkum 2. mgr. sem fjallar um gerð viðauka og 65. gr. um ábyrga meðferð fjármuna.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er ákvörðun sveitarstjórnar skv. fjárhagsáætlun næstkomandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðilar geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fyrirgreiðslu á slíkum ráðstöfunum. Skv. 2. mgr. 63. gr. er óheimilt að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Í ákvæðinu kemur fram að þetta eigi við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun.

Kærendur byggja á því í fyrsta lagi að um sé að ræða sjálfstæða ákvörðun um breytingu á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Felur ákvörðunin í sér fyrirgreiðslu til Fimleikafélags Hafnarfjarðar (eða annars aðila, en bæjarstjóri hefur ekki upplýst nánar um millifærsluna) án þess að samþykktur hafi verið kaupsamningur um eignirnar heldur aðeins rammasamkomulag þess efnis. Rammasamkomulagið er á skjön við fyrri samþykkt bæjarstjórnar um byggingu knatthúss af hálfu sveitarfélagsins. Um er að ræða breytingu á skuldbindingum frá þegar samþykktri fjárhagsáætlun. Um sé að ræða tvær ólíkar ákvarðanir, þ.e. að byggja knatthús í eigu sveitarfélagsins og að kaupa fasteignir af Íþróttafélagi eða öðrum aðila, en eignarhald er umdeilt. Þá hafi ekki legið fyrir nægjanleg gögn til þess að hægt væri að taka upplýsta ákvörðun í málinu.

Bæjarstjórn hefur ekki byggt á því að málið hafi ekki þolað bið skv. undantekningarreglu 3. mgr. 63. gr., enda verður ekki séð að slíkt hafi átt við í málinu. Byggja kærendur á því að um undantekningarreglu sé að ræða sem skýra verður þröngt, skv. almennum lögskýringarsjónarmiðum.

Benda kærendur jafnframt á að það hljóti að vera skýrt merki um óábyrga fjárhagsstjórn að greiða fyrirgreiðslu til félagsins áður en starfshópur um knattús skv. rammasamkomulagsinu skilar niðurstöðum sínum. Þá fyrst væri tækifæri til þess að taka upplýsta ákvörðun um greiðslur vegna samkomulagsins. Er vísað til rökstuðnings í fyrri kæru vegna þessa.

Í öðru lagi byggja kærendur á því að allar ákvaraðnir sem leiða af ákvörðun bæjarráðs sem þegar hefur verið kærð hinn 22. þessa mánaðar séu þá sjálfkrafa ógildar eða ógildanlegar, enda byggi núverandi ákvörðun á fyrri ákvörðun bæjarráðs og eftirfarandi samþykkt bæjarstjórnar. Telji ráðuneytið að sú ákvörðun hafi verið ólögmæt leiðir það til þess að ákvörðun sem tekin var af bæjarstjóra um framangreinda millifærslu og ákvörðun bæjarstjórnar um viðauka telst jafnframt ólögmæt. Vísað er til kærunnar vegna þessa. Bæjarstjóri hefur gefið þá skýringu að millifærsla 100 mkr. hafi verið gerð vegna efniskaupa í nýtt knattús. Samkvæmt ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar, sem bæjarfulltrúar þriggja flokka í bæjarstjórn hafa kært, stendur ekki lengur til að bærinn byggi og eigi umrætt hús, heldur kaupi þrjú önnur. Kærendum þykir undarlegt að rökstyðja millifærsluna m.t.t. efniskaupa í verk sem bærinn mun ekki sinna.

Þess má einnig geta að enn hafa engin skilyrði til veitingar framkvæmdaleyfis til FH vegna fyrirhugaðrar byggingar verið uppfyllt, sbr. tölvupóstsamskipti við sviðstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu frá 17. ágúst sl. gefa til kynna. Efast kærendur því um lögmæti þess að reiða fram fé úr bæjarsjóði til efniskaupa í ósamþykktu framkvæmd.

Hefur kæruefnið verið lagt fyrir dómstóla eða önnur stjórnvöld?


Nei


Skrá yfir skjöl og önnur gögn með kæru.

- Fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 22. ágúst 2018.
- Viðauki lagður fram á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 22. ágúst 2018.
- Tölvupóstsamskipti við sviðstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu dags. 17. ágúst 2018.

Athugasemdir

Hafnarfirði 24. ágúst 2018


Adla María Johannsdóttir


Friðbjörgur Helgi Karlsson.



Leita á vefnum

Leit á vef Hafnarfjarðar

Þú ert hér Forsíða / Stjórnsýsla / Stjórnsýslan / Fundargerðir

Fundargerðir

[Til baka](#)[Prenta](#)

Bæjarstjórn - 1809

Haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 22.08.2018 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir. Adda María Jóhannsdóttir. Kristinn Andersen. Ólafur Ingi Tómasson. Friðþjófur Helgi Karlsson. Jón Ingi Hákonarson. Helga Ingólfssdóttir. Ágúst Bjarni Garðarsson. Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir. Sigurður Þórður Ragnarsson. Kristín María Thoroddsen.

Fundargerð ritaði: Ívar Bragason

Mættir voru allir aðalbæjarfulltrúar.

Forseti bæjarstjórnar Kristinn Andersen setti fundinn og stjórnaði honum.

Næst bar forseti upp tillögu um að taka með afbrigðum eftirfarandi mál inn á dagskrá fundarins:1806100 - Samband íslenskra sveitarfélaga kosning fulltrúa á landsþingi 2018-2022.

Er framangreint samþykkt samhljóða með 11 greiddum atkvæðum.

Var næst gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Almenn erindi

2. 1802385 - Reykjanesbraut, samgönguáætlun, ályktun

Lögð fram ályktun bæjarstjórnar.

Forseti les upp svohljóðandi tillögu að sameiginlegri ályktun bæjarstjórnar:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir yfir miklum vonbrigðum með að framkvæmdir við Reykjanesbraut séu ekki hafnar og að ekki sé gert ráð fyrir þeim í nýjustu útboðsverkefnum Vegagerðarinnar. Bæjarstjórn tekur undir fyrirspurnir bæjarstjóra Hafnarfjarðar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þar sem krafist er skýringa á því. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ítrekar áhyggjur af þeirri miklu bílaumferð sem í dag fer um einfalda kafla brautarinnar og tvenn gatnamót á henni, við Lækjargötu og Kapklakrika. Sá vegkafla sem enn á eftir að tvöfalda og umrædd gatnamót eru fyrir löngu orðnir miklir farartálmur og þeim fylgir síaukin slyshætta.

Mikil fjölgun ferðamanna á undanförunum árum sem fara í gegnum Leifsstöð er fordæmalaus. Sú staðreynd ásamt mikilli fjölgun íbúa á Reykjanesi og í Hafnarfirði hefur leitt til þess að umferð um Reykjanesbraut hefur margfaldast. Þetta álag á einfalda brautina í gegnum Hafnarfjörð hefur leitt til mikilla umferðartafa á þeim kafla og sífellt fleiri slysa. Er því ljóst að ekki er hægt að biða lengur með að ráðast í tvöföldun hennar á þeim kafla.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar krefst þess að ráðherrar og alþingismenn sjái til þess að í nýrri og endurskoðaðri vegaáætlun sem lögð verður fram nú á haustþingi, verði fjármagn tryggt til að ráðast í þessar brýnu framkvæmdir á Reykjanesbrautinni í gegnum Hafnarfjörð. Skilvirkar samgöngur á svæðinu og öryggi vegfarenda er í húfi. Ljóst er að við núverandi ástand verður ekki unað lengur."

Samþykkt samhljóða.

3. 1211376 - Ásvallabraut tenging Valla og Áslands, deiliskipulag

14.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.júní sl.

Afgreiðslu deiliskipulags Ásvallabraut var frestað á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 20. júní s.l. og vísað aftur til skipulags- og byggingarráðs.

Erindi lagt fram á ný ásamt athugasemdum sem bárust.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa, dagsetta 25. apríl 2018 og vísar málinu aftur til afgreiðslu í bæjarstjórn og leggur til að erindið verði samþykkt. Skipulags- og byggingarráð leggur til að málið verði tekið fyrir eftir sumarleyfi bæjarstjórnar eða 22. ágúst nk.

Til máls tekur Ólafur Ingi Tómasson. Einnig tekur til máls Adda María Jóhannsdóttir. Þá tekur Ólafur Ingi til máls öðru sinni. Adda María kemur upp til andsvars.

Helga Ingólfssdóttir tekur næsta til máls. Einnig Guðlaug Kristjánsdóttir og Friðþjófur Helgi Karlsson. Ólafur Ingi kemur næst til andsvars við ræðu Friðþjófs.

Næst tekur til máls Sigurður Þ. Ragnarsson. Til andsvars kemur Ólafur Ingi.

Til máls tekur Jón Ingi Hákonarson.

Bæjarstjórn samþykkir með 10 atkvæðum að erindinu verði lokið í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga 123/2010 og 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Adda María situr hjá við atkvæðagreiðslu.

Ásvallabraut deilisk. umsögn Umhverfisstofnunar.pdf

Umsögn vegna skipulags frá Vegagerðinni.

ASK_2013_Adalskipulag_Hfj_Asvallabraut.pdf

SA1702-Greinargerð og umhverfisskýrsla.pdf

Greinargerð send 11. janúar 2018

DG1402-Deilisk.uppdráttur 11.01.2018.pdf

DG1402-Deilisk.greinargerð 10.01.2018.pdf

DG1402-Ásvallabr.Skýringaruppdráttur_.pdf

4. 1808180 - Fornubúðir 5, skipulagsbreyting

1.liður úr fundargerð skipulags-og byggingarráðs frá 14.ágúst sl.

Með úrskurði ÚUA þann 12. júlí s.l. var samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á deiliskipulagi Suðurlhafnar vegna Fornubúða 5 felld úr gildi. Jafnframt var samþykkt byggingarfulltrúans í Hafnarfirði frá 27 mars s.l. á umsókn um byggingu skrifstofu- og rannsóknarhúss sem tengist sjávarútvegi felld úr gildi.

Með vísan til úrskurðar ÚUA frá 12 júlí s.l. og 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dags. 08.08.2018 er varðar breytingu á greinagerð aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 um landnotkunarflokk H. Lýsing skipulagsverkefnisins dags 19.07.2018 samantar 1. mgr. 30 gr. sömu laga var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 20.07.2018. Jafnframt lagt fram deiliskipulag lóarinnar Fornubúða 5 dags. 10.08.2018.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dags. 08.08.2018 og deiliskipulagi Fornubúða 5 dags. 10.08.2018. Jafnframt er samþykkt að málsmeðferð verði í samræmi við 31. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og í samræmi við 41. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar deiliskipulag Fornubúða 5.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn Hafnarfjarða:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dags. 08.08.2018 og deiliskipulagi Fornubúða 5 dags. 10.08.2018. Jafnframt er samþykkt að málsmeðferð verði í samræmi við 31. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og í samræmi við 41. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar deiliskipulag Fornubúða 5."

Ólafur Ingi Tómasson tekur til máls. Adda María Jóhannsdóttir kemur til andsvars. Ólafur Ingi svarar andsvari. Einnig kemur Guðlaug Kristjánsdóttir til andsvars. Ólafur Ingi svarar andsvari.

Friðþjófur Helgi Karlsson tekur til máls. Einnig Adda María Jóhannsdóttir.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir með 9 greiddum atkvæðum framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dags. 08.08.2018 og deiliskipulagi Fornubúða 5 dags. 10.08.2018. Jafnframt er samþykkt að málsmeðferð verði í samræmi við 31. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og í samræmi við 41. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar deiliskipulag Fornubúða 5. Adda María Jóhannsdóttir og Jón Ingi Hákonarson sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Athugasemdir vegna aðalskipulagsbreytingar að Fornubúðum 5.pdf

1701_deiliskipulagsbreyting 01 (1).pdf

ASK_2013_2025_Sudurhofn_08082018.pdf

ASK_2013_2025_Sudurhofn_ein_mynd_08082018.pdf

5. 1805076 - Hamraneslína, bráðabirgð aflutningur

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 14.ágúst sl.

Lögð fram breyting með vísan til 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dags. 08.08.2018 er varðar færslu á háspennulínu við Hamranes.

Skipulagslýsing dags. 22. maí 2018 var samþykkt 10.07.2018 í skipulags- og byggingarráði. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 19.07.2018 um ákvörðun á matskyldu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dags. 08.08.2018. Jafnframt er samþykkt að málsmeðferð verði í samræmi við 31. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dags. 08.08.2018 og að málsmeðferð verði í samræmi við 31. gr. skipulagslaga 123/2010 er varðar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025."

Ólafur Ingi Tómasson tekur til máls. Til andsvars kemur bæjarstjóri Rósa Gubjartsdóttir.

Til máls tekur Jón Ingi Hákonarson. Til andsvars kemur Ólafur Ingi Tómasson.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir samhljóða framlagða tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 08.08.2018, og að málsmeðferð verði í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

ASK_2013_2025_Haspennulina_faersla_08082018.pdf

Hamraneslínur.pdf

6. 1704040 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.ágúst sl.

Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs mætti til fundarins.

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun.

Fulltrúar Samfylkingar, Bæjarlista og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Undirritaðir fulltrúar óska bókað undir lið í viðauka um að Hafnarfjarðarkaupstaður falli frá byggingu knatthús í Kaplakrika.

Minnihluti bæjarstjórnar hefur ákveðið að kæra þessa ákvörðun meirihluta til samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis, á grunni þess að hún standist ekki 65. grein laganna um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Furðu sætir að gera eigi viðauka áður en úrskurður liggur fyrir um lögmati gjörningsins.

Fram kom við fyrirspurn um stöðu íþróttahússins í Kaplakrika, að það er bókfært á 92 milljón krónur í bókhaldi bæjarins. Er þar væntanlega um að ræða 80% eignarhlut bæjarins í umræddu

húsi, sem meirihlutinn virðist nú ætla að láta Hafnarfjörð kaupa aftur af sjálfum sér. Spurningar vekur hvernig þetta bókfærða virði passar við áætlun meirihluta um að greiða 790 milljónir fyrir hús sem bærinn sjálfur hefur skjalfest á mun lægra virði. Annars vegar er þar um að ræða íþróttahúsið sem fyrr greinir og hins vegar eldra verðmat á Risa og Dverg upp á 200 milljónir fyrir 55% hlut í báðum byggingum, samanber kauptilboð Hafnarfjarðarbæjar frá janúar 2017. Fjárhagsáætlun er gildandi stefna sveitarfélagsins og hana ber að virða. Um hana gilda leikreglur sem fara ber eftir. Í 87. gr. samþykka bæjarins og 63. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011 er skýrt kveðið á um bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins. Þar kemur fram í 2. mgr. að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Það að leggja fram viðauka nú, eftir að málið hefur verið keyrt í gegnum bæjarráð og bæjarstjórn með meirihlutavaldi, getur því með engu móti talist merki um góða stjórnsýsluhætti og fer beinlínis gegn ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Fullyrðing í viðauka um að umrædd breyting á fjárhagsáætlun hafi ekki áhrif á rekstur, efnahag eða sjóðsstreymi þarfnast frekari útskýringa. Fulltrúar minnihluta í bæjarstjórn lögðu fram fyrirspurn þess efnis á fundi bæjarstjórnar í gær, þann 15. ágúst 2018. Eðlilegt hefði verið að biða með frekari ákvarðanir eða vinnu á grundvelli þessarar tillögu þar til þeim fyrirspurnum hefur verið svarað og bæjarfulltrúar hefðu tök á að geta tekið upplýsta og vandada afstöðu til málsins.

Adda María Jóhannsdóttir, Guðlaug Svala Kristjánsdóttir, Vaka Ágústsdóttir

Fulltrúar Framsóknarflokks og óháðra og fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram svohljóðandi bókun:

Eins og komið hefur fram á undanförunum árum eru eignarhlutir í mannvirkjum á Kaplakrika ekki rétt skráðir í öllum tilvikum og hefur verið ljóst um langan tíma að brýnt er að klára þau skipti. Ber þar hæst að ákvæði í samningi Hafnarfjarðarbæjar við FH sem samþykktur var í bæjarstjórn 10. janúar 1989 hefur aldrei verið fullnustað og eignarhlutir því ekki rétt skráðir í bókum bæjarins. Í 7. gr. samningsins segir m.a.: „Húsið skal vera sameign Hafnarfjarðarbæjar og FH í hlutföllunum 80-20 til 1. janúar 2005, en að loknum þeim tíma skal FH eignast húsið að fullu og öllu og reka það frá þeim tíma á sína ábyrgð og sinn kostnað.“

Með rammasamkomulaginu við FH sem nú hefur verið samþykkt er verið að taka af skarið og klára eignaskiptasamninga við félagið. Samkvæmt verðmati sem fengið var frá fasteignasala á árinu 2017 stendur mat hússins á verðbilinu 400-500 milljónir króna. Helsta verkefni Kaplakrikahópsins er að klára þessa eignaskipti og sjá til þess að eignir séu rétt skráðar í opinberar bækur eins og eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttafélaga hefur hvatt til, nú síðast á fundi sínum í maí sl.

Um er að ræða óháða eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttafélaga sem var sett á laggirnar í byrjun árs 2017 og hefur fundað reglulega síðan. Í fundargerð nefndarinnar frá 14.5.2018 segir:

9. 1805293 - Eignaskiptasamningar Hafnarfjarðarbæjar og íþrótt- og tómstundafélaga
Hlutdeild Hafnarfjarðar í sameiginlegum íþróttamannvirkjum íþrótt- og tómstundafélaga er ekki alltaf ljós eða rétt skráð í opinberar bækur.

Íþróttfulltrúi sendir sviðstjórum og bæjarstjóra erindi frá nefndinni vegna þessa og kallar á að þessar eignir séu rétt skráðar og vinni við það hefjist og klárast sem fyrst.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Staðreyndir málsins í opinberum gögnum eru þær að íþróttahúsið er í 80% eign Hafnarfjarðarkaupstaðar, bókfært á 92 milljónir og að á því hvíla skuldir bæjarins að upphæð samtals 870 milljón króna, gagnvart fjölmörgum lífeyrissjóðum.

Vakin er athygli á því að minnihluti bæjarstjórnar hefur lagt fram fyrirspurn um minnisblað sem gert var á síðasta kjörtímabili um stöðu hins meinta gjafagjörnings frá 1989. Það minnisblað

hefur ekki verið lagt fram.

Ljóst er að Hafnarfjörður hefur meðhöndlað þennan eignarhlut sem sína eign frá árinu 2005 jafnt og áður, bæði með viðhaldskostnaði og ekki síður veðsetningu.

Adda María Jóhannsdóttir, Guðlaug Svala Kristjánsdóttir, Vaka Ágústsdóttir

Fulltrúar meirihluta vísa í fyrri bókun sína hér að ofan.

Til máls tekur Rósa Guðbjartsdóttir. Einnig tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir. Til andsvars kemur Rósa Guðbjartsdóttir.

Til máls tekur Friðþjófur Helgi Karlsson. Einnig Jón Ingi Hákonarson. Til andsvars kemur Rósa Guðbjartsdóttir.

Til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir. Til andsvars kemur Rósa Guðbjartsdóttir.

Guðlaug Kristjánsdóttir tekur til máls öðru sinni. Til andsvars kemur Rósa Guðbjartsdóttir. Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari.

Adda María tekur til máls öðru sinni.

Til máls öðru sinni tekur Jón Ingi Hákonarson. Rósa Guðbjartsdóttir kemur til andsvars. Einnig til andsvars kemur Adda María Jóhannsdóttir.

Fundarhlé kl. 19:48.

Fundi framhaldið kl. 20:15.

Bæjarstjórn samþykkir framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun með 6 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra gegn 4 atkvæðum fulltrúa, Viðreisnar, Samfylkingar og Bæjarlistans. Sigurður Þ. Ragnarsson situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

Helga Ingólfssdóttir gerir grein fyrir atkvæði sínu og leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi viðauki sem hér er lagður fram í dag til samþykktar er að hluta til vegna ákvörðunar sem samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundum hvað varðar breytingu fjárfestingaáætlun vegna byggingar nýs knatthúss. Ég tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Ég er fylgjandi byggingu nýs knatthúss á athafnasvæði FH að Kaplakrika og tók þátt í undirbúningi þess verkefnis af einhug á síðasta kjörtímabili. Á síðasta kjörtímabili var ennfremur unnið að þeirri stefnumótun að íþróttamannvirki sem Hafnarfjarðarbær samþykkir að byggja verði að öllu jöfnu í 100% eigu sveitarfélagsins. Þetta er í samræmi við þróun í þeim sveitarfélögum sem við berum okkur saman við og ennfremur í samræmi við breytingar á rekstrarsamningum við íþróttafélög sem gerðir voru á síðasta kjörtímabili. Heilt yfir er markmiðið að tryggja jafnræði milli íþróttagreina og gegnsæi með þá fjármuni sem settir eru í uppbyggingu og rekstur íþrótt- og tómstundafélaga í bænum. Þessari stefnumótun hef ég tekið þátt í og ég byggi afstöðu mína til samþykks rammisamkomulags við FH á því að ég tel farsælla að vinna áfram í samræmi við þá megin stefnu að fjárfestingar sem ráðist er í vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja verði í umsjón og eigu sveitarfélagsins.

Adda María gerir einnig grein fyrir atkvæði sínu.

Einnig Guðlaug Kristjánsdóttir sem kemur einnig að svohljóðandi bókun:

Bæjarfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Bæjarlista ítreka fyrri bókanir sínar og athugasemdir um málsmeðferð varðandi þá ákvörðun meirihlutans að falla frá byggingu bæjarins á knatthúsi á Kaplakrika og lýsa furðu á því að haldið sé áfram með málið á meðan kærufæri er í gangi.

Bæjarfulltrúarnir fordæma jafnframt þá staðreynd sem fram kom í umræðu um viðaukann hér í dag að bæjarstjóri hafi þegar greitt út 100 milljónir króna úr bæjarsjóði til Fimleikafélags Hafnarfjarðar án þess að fyrir lægi samþykktur viðauki. Slíkur gjörningur er andstæður 2. málsgrein 63. greinar sveitastjórnarlaga og heimildarlaus með öllu og allra síst til marks um ábyrga fjármálastjórn. Einnig stangast hann á við 65. grein, um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins.

Með þessari framgöngu hefur meirihlutinn endanlega bitið höfuðið af skömminni í þessu máli og sýnt af sér fullkomið ábyrgðarleysi gagnvart sameiginlegum fjármunum Hafnfirðinga.

Þessi gjörningur bæjarstjóra verður kærður til samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins til að fá úr því skorið hvort lög hafi verið brotin í starfi.

Fundarhlé kl. 20:20.

Fundi framhaldið kl. 20:36.

Rósa Guðbjartsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt rammasamkomulagi Hafnarfjarðarbæjar við Fimleikafélag Hafnarfjarðar er kveðið á um að starfshópur, svokallaður Kaplakrikahópur sem stofnaður hefur verið, muni m.a. hafa fjárhagslegt eftirlit með framkvæmd við byggingu nýs knatthús, og tryggja að greiðslur vegna eignaskiptanna verði inntar af hendi samkvæmt fjárhagsáætlun ársins sem samþykkt var í desember 2017 og eftir því sem framkvæmdum framvindur. Í Kaplakrikahópnum eru meðal annars endurskoðandi bæjarins og lögmaður en bæjarfulltrúar minnihlutans hafa afþakkað þátttöku í hópnum. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2018 voru 200 milljónir króna áætlaðar til uppbyggingar knattspyrnuaðstöðu á Kaplakrika. Í viðauka þessum sem fjármálastjóri lagði fram í bæjarráði í síðustu viku segir að breytingin samkvæmt rammasamkomulaginu hafi engin áhrif á rekstur, fjárhag eða sjóðsstreymi bæjarins.

Rósa Guðbjartsdóttir.

Viðauki III 16.08.2018.pdf

7. 1804359 - Ósk um niðurfellingu á fasteignaskatti og lóðarleigu vegna Kaplakrika 121342 (Dvergurinn)

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.ágúst sl.

Lögð fram beiðni frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar um niðurfellingu fasteignaskatts og lóðarleigu af fasteigninni Kaplakrika 121342 (Dvergurinn) sem er í eigu FH Knatt húsa ehf.

Kristinn Andersen tók aftur sæti á fundinum.

Með vísan til reglna um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka frá 5. desember 2012, samstarfssamnings ÍBH og Hafnarfjarðar frá 2008 og fyrirliggjandi minnisblaðs, samþykkir bæjarráð erindi frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar um niðurfellingu fasteignaskatts og lóðarleigu af fasteigninni Kaplakrika 121342 (Dvergurinn) sem er í eigu FH Knatt húsa ehf. og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Til máls tekur Guðlaug Kristjánsdóttir.

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs með 10 atkvæðum. Guðlaug Kristjánsdóttir situr hjá við atkvæðagreiðslu.

Adda María Jóhannsdóttir gerir grein fyrir atkvæði sínu.

Samtarfssamningur Hfj og ÍBH frá 2008

Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts samþ í bæjarstjórn 5. desember 2012.pdf

8. 1808146 - Gjáhella 17, umsókn um lóð

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16. ágúst sl.

Lögð fram umsókn frá Söldögg ehf um atvinnuhúsalóðina Gjáhelli 17.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Gjáhelli 17 verði úthlutað til Söldaggar ehf.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að lóðinni Gjáhelli 17 verði úthlutað til Söldaggar ehf.

Kosningar

1. 1806100 - Samband íslenskra sveitarfélaga, kosning fulltrúa á landsþing 2018-2022

Bæjarstjórn tilnefnir og kýs eftirtalda aðila sem fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Aðalmenn:

Kristinn Andersen

Ólafur Ingi Tómasson

Ágúst Bjarni Garðarsson

Friðþjófur Helgi Karlsson

Jón Ingi Hákonarson

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir

Varamenn:

Rósa Guðbjartsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Valdimar Víðisson

Adda María Jóhannsdóttir

Sigurður Þ. Ragnarsson

Sigrún Sverrisdóttir

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir

9. 1801218 - Fundargerðir 2018, til kynningar í bæjarstjórn.

Fundargerð bæjarráðs frá 16.ágúst sl.

a. Fundargerð heilbrigðisnefnar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 16.júlí sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 13.ágúst sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 4.júlí sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 14.ágúst sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 15.ágúst sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 17.ágúst sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 20.ágúst sl.

Til máls tekur Guðlaug Kristjánsdóttir undir fundargerð fjölskylduráðs frá 17.ágúst sl. sem og fundargerð forsetanefndar frá 20.ágúst sl.

2. varaforseti Ágúst Bjarni Garðarsson tekur við fundarstjórn.

Kristinn Andersen kmeur til andsvars við ræðu Guðlaugar Kristjánsdóttur. Einnig Helga Ingólfssdóttir. Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari. Helga Ingólfssdóttir kemur að stuttri athugasemd.

Kristín Thoroddsen tekur til máls undir fundargerð fræðsluráðs frá 15. ágúst sl.

Til máls tekur Sigurður Þ. Ragnarsson undir fundargerð fjölskylduráðs frá 17. ágúst sl.

Adda María Jóhannsdóttir tekur til máls.

Helga Ingólfssdóttir tekur til máls undir 3. lið fundargerð fjölskylduráðs frá 17. ágúst sl.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.

Til baka

Prenta

Hafnarfjarðarbær - fjárhagsáætlun 2018 - viðauki III

Lagt fram í bæjarráði 16. ágúst 2018



Fjárfestingaáætlun						
Áætlun	Dagsetning	Mfl	Deild	Lykill	Lýsing	Áætlun
2018-1M	16.8.2018	32	010	13101	Endurbætur Suðurgata 41	51.000.000
2018-1M	16.8.2018	32	010	13301	Nýtt knatthús í Kaplakrika	-200.000.000
2018-1M	16.8.2018	32	010	13301	Eignaskipti samkvæmt rammasamkomulagi við FH	200.000.000
Samtals fjárfesting						51.000.000
Áætlun	Dagsetning	Mfl	Deild	Lykill	Lýsing	Áætlun
2018-1M	16.8.2018	32	010	13401	Sala eigna - Straumur, bókfært verð	11.940.450
2018-1M	16.8.2018	31	111	996	Nettu söluhagnaður af sölu Straums	58.979.550
Samtals fjármögnun						70.920.000
Samtals breyting frá upphaflegri áætlun						19.920.000

Skýringar:

Fjárfestingaráætlun:

Endurbætur á Suðurgötu 41 til að koma húsnæði í leiguhæft ástand.

Fjármagnað með hluta af söluandvirði Straums.

Hafnarfjarðarkaupstaður mun ekki byggja nýtt knatthús í Kaplakrika eins og áætlun gerði ráð fyrir. Gert var ráð fyrir 200 milljónum króna í framkvæmdina árið 2018. Fjárhæðinni verður þess í stað ráðstafað í samræmi við rammasamkomulag um eignaskipti og framkvæmdir við nýtt knatthús í Kaplakrika. Þessi breyting hefur engin áhrif á rekstur, efnahag eða sjóðstreymi.

Rekstur málaflokka 2018

Viðauki við fjárhagsáætlun nr. III

Nr. Málaflokkur	Fyrri viðaukar		Viðauki breyting	Upphafleg	Samtala allra	Fjárhagsáætlun
	Rekstrarniðurstaða	Rekstrarniðurstaða		Rekstrarniðurstaða	viðauka	með viðaukum
00 Skatttekjur		228.824	0	22.198.038	228.824	22.386.860
02 Félagsþjónusta	(53.791)	0	(3.465.565)	(53.791)	(3.519.336)
03 Helbrigðismál		0	0	0	0	0
04 Fræðslu- og uppeldismál	(81.685)	0	(12.168.190)	(81.685)	(12.249.875)
05 Menningarmál		0	0	(430.389)	0	(430.389)
06 Æskulýðs- og íþróttamál	(28.348)	0	(1.854.726)	(28.348)	(1.883.074)
07 Brunamál og almannavarnir		0	0	(231.546)	0	(231.546)
08 Hreinlætismál		0	0	(14.900)	0	(14.900)
09 Skipulags- og byggingamál		0	0	(100.391)	0	(100.891)
10 Umferðar- og samgöngumál		0	0	(913.572)	0	(913.572)
11 Umhverfismál		0	0	(140.493)	0	(140.493)
13 Atvinnumál		0	0	(36.899)	0	(36.899)
21 Sameiginlegur kostnaður	(65.000)	0	(1.193.748)	(65.000)	(1.258.748)
22 Breyting lífeyrisskuldbindinga		0	0	(1.027.335)	0	(1.027.335)
28 Fjármagnsliðir		0	0	(25.841)	0	(25.841)
31 Eignasjóður		0	58.980	(399.983)	58.980	(340.923)
A hluti		0	58.980	154.059	58.980	213.038
B hluta fyrirtæki:						
41 Vatnsveita		0	0	156.648	0	156.648
43 Fráveita		0	0	314.991	0	314.991
45 Hafnarsjóður		0	0	191.029	0	191.029
57 Húsnæðisskrifstofa		0	0	(76.940)	0	(76.940)
Innri færslur A og B hluta		0	0	0	0	0
B hluti		0	0	585.728	0	585.728
A- og B-hluti		0	58.980	739.788	58.980	798.767

Rekstrarreikningur 2018

Rekstrarreikningur	Upphafleg	Viðaukar	Fjárhagsáætlun	Upphafleg	Viðaukar	Fjárhagsáætlun
	fjárhagsáætlun	ársins	með viðauka	fjárhagsáætlun	ársins	með viðauka
Rekstrartekjur	A hluti	A hluti	A hluti	A-og B- hluti	A-og B- hluti	A-og B- hluti
Skatttekjur	19.641.527	55.524	19.697.052	19.635.665	55.524	19.691.190
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.063.308	173.300	2.236.608	2.063.308	173.300	2.236.608
Aðrar tekjur	2.051.224	58.980	2.110.204	3.891.193	58.980	3.950.173
	23.756.059	287.804	24.043.863	25.580.167	287.804	25.867.971
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	12.711.258	53.106	12.764.364	12.932.118	53.106	12.985.224
Annar rekstrarkostnaður	8.260.705	175.718	8.436.423	8.628.888	175.718	8.804.606
Breyting lífeyrisskuldbindingar	1.017.335	0	1.017.335	1.048.666	0	1.048.666
	21.989.298	228.824	22.218.123	22.246.671	228.824	22.475.495
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA)	2.156.762	58.980	2.215.741	3.043.496	58.980	3.102.475
Afskriftir	686.670	0	686.670	952.287	0	952.287
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði (EBIT)	1.470.092	58.980	1.529.071	2.091.209	58.980	2.150.188
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.316.033)	0	(1.316.033)	(1.651.421)	0	(1.651.421)
Rekstrarniðurstaða ársins (netkvæð)	154.059	58.980	213.038	739.788	58.980	798.767

Yfirlit um sjóðstreymi 2018

	Upphafleg fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun með viðauka		Upphafleg fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun með viðauka	
	A hluti	Víðaukar ársins A hluti	A hluti	Víðaukar ársins A hluti	A-og B- hluti	Víðaukar ársins A-og B- hluti	A-og B- hluti	Víðaukar ársins A-og B- hluti
Rekstrarhreyfingar								
Niðurstaða ársins	154.059	58.980	213.039		799.728	58.980	799.707	
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:								
Reiknaðar afskriftir	680.670	0	680.670		680.670	0	680.670	
Söluhagnaður	0	(58.980)	(58.980)		0	(58.980)	(58.980)	
Breyting á örum skuldbindingum	(6.880)	0	(6.880)		(6.880)	0	(6.880)	
Verðbætur og gengismunur	587.452	0	587.452		734.712	0	734.712	
Breyting lífeyrisskuldbindinga	1.027.335	0	1.027.335		1.048.666	0	1.048.666	
	2.049.076	0	2.442.035		3.479.955	0	3.179.065	
Br. á rekstrartengdum eignum og skuldum:								
Óinnh. tekjur, (hækkun), lækkun	(105.060)	0	(105.060)		(105.060)	0	(105.060)	
Aðrar skammtímakröfur, lækkun	(17.746)	0	(17.746)		(142.231)	0	(142.231)	
Sk.tímaskuldir, hækkun, (lækkun)	0	0	0		(10.597)	0	(10.597)	
Sk.tímask. eigin fyrirt., hækkun, (lækkun)	154.255	0	154.255		0	0	0	
Afborgun lífeyrisskuldbindinga	(355.921)	0	(355.921)		(371.163)	0	(371.163)	
	(214.572)	0	(314.532)		(629.111)	0	(629.111)	
	2.135.103	0	2.135.103		2.850.844	0	2.850.844	
Fjárfestingarhreyfingar								
Fjárfesting í fastafjárnumum	(1.282.500)	(51.000)	(1.283.500)		(1.219.500)	(51.000)	(1.290.500)	
Uppbygging grunnskóla Skarðshlíð	(1.490.000)	0	(1.490.000)		(1.800.000)	0	(1.800.000)	
Hjúkrunarheimill	(971.000)	0	(971.000)		(971.000)	0	(971.000)	
Lóðir/Götur, lækkun	2.270.000	0	2.270.000		2.480.000	0	2.480.000	
Sala eigna	0	70.920	70.920		0	70.920	70.920	
Langtímakröfur, breyting	0	(2.032.370)	(2.032.370)		12	(2.032.370)	(2.032.358)	
	(1.733.500)	(2.012.450)	(3.745.950)		(2.570.488)	(2.012.450)	(4.582.938)	
Fjármögnunarhreyfingar								
Tekin ný langtímalán	0	2.032.370	2.032.370		580.000	2.032.370	2.612.370	
Tekin ný framkvæmdalán	400.000	0	400.000		400.000	0	400.000	
Afb. langt.lána vegna lóðarsölu	0	0	0		(280.000)	0	(280.000)	
Afb. langtímalána og uppgr. lána	(947.393)	0	(947.393)		(1.198.280)	0	(1.198.280)	
Afborganir leigueigna	(125.938)	0	(125.938)		(125.938)	0	(125.938)	
Skammtímalán, breyting	2.032	0	2.032		2.032	0	2.032	
	(684.086)	2.032.370	1.348.284		(702.176)	2.032.370	1.329.243	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(262.483)	19.920	(262.563)		(421.774)	19.920	(401.854)	
Handbært fé í ársbyrjun	300.439	0	300.439		502.444	0	502.444	
Handbært fé í árslok	146.956	19.920	166.876		170.274	19.920	190.194	

Adda María Jóhannsdóttir

From: Sigurður Haraldsson
Sent: föstudagur, 17. ágúst 2018 17:32
To: Adda María Jóhannsdóttir; Þormóður Sveinsson
Cc: Gunnþóra Guðmundsdóttir; Guðrún Guðmundsdóttir; Hildur Bjarnadóttir
Subject: RE: Fyrirspurn varðandi framkvæmdir á Kaplakrika

Sæl Adda María.

Til að verk geti hafið þurfa að liggja fyrir samþykktir aðaluppdrættir og fleiri sérteikningar einnig. Byggingarfulltrúaembættið heimilar að verk hefjist og fer með eftirlit á að ekki séu framkvæmdir í óleyfi. Áður en verkframkvæmdir geta hafist þarf einnig að skrá iðnmeistara og byggingarstjóra á verkið og það hefur ekki verið gert.

Með kveðju,
Sigurður

Sigurður Haraldsson
SVIÐSSTJÓRI UMHVÆRFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTU

Norðurhella 2 | 221 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is

From: Adda María Jóhannsdóttir
Sent: föstudagur, 17. ágúst 2018 17:17
To: Sigurður Haraldsson <SiggiH@hafnarfjordur.is>; Þormóður Sveinsson <thormodurs@hafnarfjordur.is>
Cc: Gunnþóra Guðmundsdóttir <gunnthora@hafnarfjordur.is>; Guðrún Guðmundsdóttir <guðrungud@hafnarfjordur.is>; Hildur Bjarnadóttir <hildur@hafnarfjordur.is>
Subject: RE: Fyrirspurn varðandi framkvæmdir á Kaplakrika

Sæll og takk fyrir þetta.
Það hlýtur þá svo að vera.

Af því ég þekki ekki alveg nógu vel til, þá þætti mér fróðlegt að vita hvernig ferlið er varðandi það. Raunverulegar framkvæmdir geta þá væntanlega ekki hafist fyrr en aðaluppdrættir hafa verið lagðir fram. Hvernir er eftirliti með því háð?

Kv. Adda María

From: Sigurður Haraldsson
Sent: föstudagur, 17. ágúst 2018 16:44
To: Adda María Jóhannsdóttir <addamaria@hafnarfjordur.is>; Þormóður Sveinsson <thormodurs@hafnarfjordur.is>
Cc: Gunnþóra Guðmundsdóttir <gunnthora@hafnarfjordur.is>; Guðrún Guðmundsdóttir <guðrungud@hafnarfjordur.is>; Hildur Bjarnadóttir <hildur@hafnarfjordur.is>
Subject: RE: Fyrirspurn varðandi framkvæmdir á Kaplakrika

Sæl Adda María, samkvæmt Hildi byggingarfulltrúa hafa ekki verið lagðar inn aðaluppdrættir af húsinu, þannig að það hlýtur að vera um að ræða táknræna skóflustungu, hjá FHingum.

Með kveðju,
Sigurður

Sigurður Haraldsson
SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTU

Norðurhella 2 | 221 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is

From: Adda María Jóhannsdóttir
Sent: föstudagur, 17. ágúst 2018 15:05
To: Sigurður Haraldsson <Siggih@hafnarfjordur.is>; Þormóður Sveinsson <thormodurs@hafnarfjordur.is>
Cc: Gunnþóra Guðmundsdóttir <gunnthora@hafnarfjordur.is>; Guðrún Guðmundsdóttir <gudrunud@hafnarfjordur.is>
Subject: Fyrirspurn varðandi framkvæmdir á Kaplakrika

Sælir,

Þar sem ég sé að fyrirhugað er að taka fyrstu skólustungu að nýju knatthúsi í Kaplakrika nk. sunnudag langar mig til að spyrjast fyrir um hvort byggingafulltrúi sé búinn að fá umsókn um byggingaleyfi, hvort bygginganefndarteikningar liggja fyrir og annað það sem vera ber í slíkri framkvæmd. Það er mikilvægt að öll tilskilin leyfi liggja fyrir en miðað við asann á málinu hef ég áhyggjur af því að það sé að fara í gegnum kerfið samkvæmt lögum og reglum.

Kv. Adda María

Adda María Jóhannsdóttir
Bæjarfulltrúi / Town councillor
Hafnarfjarðarbær

Tel. + 354-694-3134

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)
[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)
[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)
[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)